

líkt við þjótandi vind og fljúgandi val. Höf. er ekki vel kunnugur íslenzku sveitalífi. Þó boðskapur agentsins sé ýktur er samt andinn í honum nákvæmlega hinn sami og í ræðum sumra lönda hér er þeir hafa verið að ferðast heima. Lýsingin af landnáminu er góð, og eitthvert bezta kvæðið er “Bólan” þar sem sona missinum er mjög vel lýst. Lengsta kvæðið “Guðrún,” sem segir frá veru Guðrúnar, dóttur Jóns í Winnipeg og hjónabands-óhamingju hennar, er í heild sinni ekki bezta kvæðið, þó einstaðingsskap umkomulauss unglingsins sé vel lýst. Sagan um Guðrúnu hefir verið sögð svo oft áður, að hún hrifur ekki lengur. Innanum tilþrifin koma, því miður, fyrir óskáldlegar setningar þar sem bæði hugsun og mál verða of dagslega til fara. En þessir gallar eru þó miklu færri en kostirnir.

Höfundur kvæðanna er vel þekktur sem skáld hér vestan hafs. Af þeim yngri er hann eitt hið efnilegasta. Þess ber að gæta að kvæðin eru ort í tómsundum frá daglegum störfum, en fyrir fátæka bændur hér út um bygðir eru tómsundirnar fáar og stopular. Þess vegna má ekki búast við að alt verði jafn vel vandað, en hin beztu tilþrif hvers skálds sýna hvað það getur.

Ytri frágangur kvæðanna er ekki sem beztur. Meinlegar prentvillur eiga sér stað og innheftingin í kápuna er léleg.

---

Ágúst Bjarnason : Yfirlit yfir sögu mannsandans. Austurlönd. Reykjavík, 1908. Kostnaðarmaður Sigurður Kristjánsson. prentsmiðjan Gutenberg.

---

Bók þessi er fyrsta bindið af ritverki, er höfundurinn nefnir “Yfirlit yfir sögu mannsandans.” Fjórða og síðasta bindið, sem fjallar um andlegt líf nítjándu aldarinnar kom út fyrir eitthvað tveimur árum, en á öðru og þriðja, sem eiga að fjalla um heimspeki Grikkja og Rómverja og andlegt líf í Evrópu frá þeirra tíð niður til nítjándu aldarinnar er síðar von. Í þessu fyrsta bindi er skýrt frá trúarbrögðum Austurlanda, trúarbrögðum Kínverja, og Indverja, Babylóníu—og Assyríumanna, Medíumanna, Persa og Gyðinga, og byrjun Kristninnar, sem eru skoðuð bæði frá sögulegu og innihaldslegu sjónarmiði. Eins og við er að búast er víðast farið fljótt yfir sögu, en þó er sagt frá öllu því helsta ljóst og greini-